

Viðlagatrygging Íslands

Laugavegur 162 - 105 Reykjavík - Sími 552 9677 - Fax 562 9675

Reykjavík 28. febrúar 1997

Alþingi

Erindi nr. D 121 / 985

Komudagur 4 / 3 1997

Til umhverfisnefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn skriðuföllum og snjóflóðum - 256 mál.


Vísað er til bréfs formanns umhverfisnefndar dags 4.2.1997 þar sem óskað er umsagnar Viðlagatryggingar Íslands um ofangreint frumvarp. Stjórn Viðlagatryggingar fjallaði um málefni þetta á fundi sínum þann 28.2.1997 og var undirrituðum falið að ganga frá svofelldri umsögn.

Viðlagatrygging hlýtur að fagna því að nú er sett heildstæð löggjöf um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Umsögn Viðlagatryggingar mun þó eðli máls samkvæmt einskorðast við efni 12. greinar frumvarpsins sem beinlínis snýr að starfsemi stofnunarinnar.

Það er Viðlagatryggingu fagnaðarefni að í frumvarpinu er á skýran hátt skilið á milli fjárhags og tekjuöflunar Viðlagatryggingar og Ofanflóðasjóðs. Viðlagatrygging starfar sem eignatryggingarfélag og það er mikilvægt bæði fyrir VÍ og tryggingartaka að samræmi ríki á milli iðgjalda annars vegar og hins vegar þeirrar áhættu sem tryggt er gegn og verðmætanna sem í húfi eru. Það skapaði því Viðlagatryggingu talsverðan vanda er stórum hluta iðgjaldatekna var tímabundið ráðstafað til Ofanflóðasjóðs eins og vikið er að í athugasemdum við frumvarpið. Viðlagatrygging bætir bein tjón af völdum margvíslegra náttúruhamfara (jarðskjálfta, eldgosa, vatnsflóða, snjóflóða og skriðufalla) og er vel í stakk búin til að bæta tjón af vatnsflóðum og ofanflóðum en heildareignir og erlendar endurtryggingar eru mikilvægt öryggisnet fyrir þjóðarbúið ef stórtjón verður af völdum jarðskjálfta eða eldgosa. Það er því brýnt að Viðlagatryggingu sé gert kleift að standa við skuldbindingar sínar ef slík áföll verða. Hin fjölpætta náttúruvá er Íslendingar búa við kallar á sértækar aðgerðir eins og starfsemi Viðlagatryggingar og er þá nærtækt að nefna hið mikla tjón er varð á mannvirkjum á Skeiðarársandi á sl ári. Sé gripið til gagnlegra og yfirgripsmikilla forvarnaaðgerða eins og þeirra sem felast í starfsemi Ofanflóðasjóðs virðist ljóst að afla verður til þeirra tekna án þess að skerða tryggingavernd Viðlagatryggingar.

Í athugasemdum við 12. grein frumvarpsins er tilgreint að felld skuli niður aukaálag á viðlagatryggingariðgjald er lagt var á skv l. nr. 36/1995 um br. á lögum um Viðlagatryggingu. Til að fella niður þetta álag virðist því ekki nægja að fyrri lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum með áorðnum breytingum falli brott heldur þurfi og að fella brott umrædd lög nr. 36/1995.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Viðlagatryggingar Íslands


Geir Zoëga, framkvæmdastjóri